



DEILISKIPULAG FJALLASKÁLA Í HRUNAMANNAHREPPPI

Skipulagslýsing

28.06.2019



EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Skipulagslýsing	4
2	FORSENDUR	4
2.1	Tengsl við aðrar áætlanir og fyrirbyggjandi stefna	7
2.1.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026	7
2.1.2	Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032	7
2.1.3	Deiliskipulag	12
2.1.4	Þjóðlenda	12
2.1.5	Fornminjar	12
2.1.6	Ferðamenn/ferðaþjónusta	13
2.1.7	Velferð til framtíðar - Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi.	14
3	UMHVERFISÁHRIF	14
3.1	Matsskylda	14
3.2	Umhverfispættir og áherslur	15
4	DEILISKIPULAG	16
4.1	Markmið	16
4.2	Mannvirki	16
5	SKIPULAGSFERLI – KYNNING OG SAMRÁÐ	17
5.1	Samráð	17
5.2	Skipulagsferli	18

1 INNGANGUR

Hér á eftir fer lýsing á deiliskipulagstillögu fyrir tíu fjallaskála á afrétti Hrunamannahrepps, auk breytingar á gildandi deiliskipulagi Kerlingarfjalla. Skálarnir eru; Fosslækur, Leppistungur, Miklöldubotnar, Frægðarver, Rofshólar, Heiðará, Helgaskáli, Efri-Kisubotnar, Grákollur og Svínárnes. Einnig verður gerð breyting á deiliskipulagi fyrir Kerlingarfjöll. Hluti svæðanna hefur byggst upp og eru þeir skálar í eigu sveitarfélagsins, fyrir utan mannvirki í Kerlingarfjöllum sem eru í eigu ferðaþjónustuaðila sem eru með rekstur þar.

Öll svæðin eru skilgreind sem afþreyingar- og ferðamannasvæði í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032. Skálasvæðin eru innan þjóðlendu. Afmarkaðar verða rúmar lóðir og innan þeirra skilgreindar heimildir fyrir uppbyggingu.

Unnið er að friðlýsingu Kerlingarfjalla og munu friðlýsingarskilmálar taka yfir hluta fyrirhugaðs skipulagssvæðis.

Lýsingin er unnin skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, m.s.br. Gerð er sameinginleg lýsing fyrir öll svæðin en unnið verður deiliskipulag fyrir hvert svæði fyrir sig. Í deiliskipulagi verður gerð grein fyrir núverandi mannvirkjum og fyrirhugaðri uppbyggingu. Deiliskipulagið er unnið fyrir og í samráði við sveitarfélagið Hrunamannahrepp.

1.1 Skipulagslýsing

Gerð skipulagslýsingar er ætlað að tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðila að skipulagsferlinu á fyrstu stigum þess, auka gagnsæi, tryggja betra upplýsingaflæði, skila betri og markvissari skipulagsvinnu og gefa sveitarstjórn og öðrum sem koma að ferlinu betri yfirsýn allt frá fyrstu skrefum.

Samkvæmt 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefni. Í lýsingu skal koma fram hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við skipulagsgerðina, upplýsingar um forsendur, fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli.

Með skipulagslýsingu þessari er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að málefnum deiliskipulagsins og komandi skipulagsvinnu.

2 FORSENDUR

Unnið verður nýtt deiliskipulag fyrir tíu fjallaskála í Hrunamannahreppi og gerð breyting á deiliskipulagi Kerlingarfjalla. Umfjöllun er um hvert svæði fyrir sig hér að aftan.

Fosslækur. Staðurinn er á bakka Fosslækjar. Aðkoma er af vegslóða sem liggur um Hrunamannafrétt. Á staðnum er um 64 m² hús sem notað hefur verið sem leitarmannahús og fyrir hestahópa á sumrin, einnig gerði fyrir hesta. Húsið var byggt árið 2007. Einnig er um 14 m² geymsla byggð árið 2009. Gisting er fyrir um 22 gesti. Salerni er í húsinu. Vatn er tekið úr læk nokkru norðan við húsið. Mannvirki eru í eigu Hrunamannahrepps.

Svæðið er gróið og skv. vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar eru þar vistlendi mólendi og graslendi og vistgerðirnar fjalldrapamóavist, víðikjarrvist, starungsmýravist, víðimóavist og grasengjavist.

Leppistungur. Staðurinn er á bakka Kerlingarár sunnan undir Kerlingaröldu. Aðkoma er af vegslóða sem liggur um Hrunamannafrétt. Staðurinn er skráður í Þjóðskrá, landnr. 166846. Á staðnum er 70 m² hús sem byggt var árið 1987 og 55 m² hús sem byggt var árið 2007. Einnig er þarna gamalt leitarmannahús. Þessi hús eru notuð sem leitarmannahús og fyrir hestahópa á sumrin. Einnig er á staðnum 36 m² hesthús og hestagerði við það. Gisting er fyrir um 24 gesti. Salerni er í sér húsi og rotpró tengd því. Vatn er tekið úr læk skammt frá. Mannvirki eru í eigu Hrunamannahrepps.

Svæðið er gróið og skv. vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar eru þar vistlendi mólendi, votlendi, moslendi og graslendi. Vistgerðir eru runnamýravist, fjalldrapamóavist, mosamóavist, hraungambrovist og grasengjavist.

Miklöldubotnar. Staðurinn er á lækjarbakka. Aðkoma er af vegslóða sem liggur um Hrunamannafrétt. Á staðnum er um 50 m² hús, byggt árið 1957, einnig er þarna gerði fyrir fé/hross. Húsið er notað sem leitarmannahús og fyrir hestahópa á sumrin. Gisting er fyrir um 15 manns. Ekkert salerni er á staðnum og vatn er tekið úr læk skammt frá. Mannvirki eru í eigu Hrunamannahrepps.

Svæðið er gróið og skv. vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar eru þar vistlendi mólendi og moslendi. Vistgerðir eru runnamýravist, fjalldrapamóavist, hraungambrovist og víðikjarrvist.

Frægðarver. Á staðnum er gamall torfkofi sem upphaflega var notaður sem leitarmannahús. Í dag er staðurinn notaður sem áningarstaður á reiðleið um Hrunamannahrepp. Engin gisting er á svæðinu og ekki er gert ráð fyrir akstri að staðnum. Engin salernisaðstaða og vatn er tekið úr læk skammt frá. Mannvirki eru í eigu Hrunamannahrepps.

Svæðið er gróið og skv. vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar eru þar vistlendi moslendi og mólendi. Vistgerðir eru hraungambrovist, starmóavist, fjalldrapamóavist og melagambrovist.

Rofshólar. Staðurinn er í Rofshólum, skammt frá Stangará. Þar er gamall torfkofi sem upphaflega var notaður sem leitarmannahús. Í dag er staðurinn notaður sem áningarstaður á reiðleið um Hrunamannahrepp. Engin gisting er á staðnum. Ekki er gert ráð fyrir akstri að staðnum. Engin salernisaðstaða og vatn er tekið úr læk skammt frá. Mannvirki eru í eigu Hrunamannahrepps.

Svæðið er gróið og skv. vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar eru þar vistlendi mólendi, votlendi, graslendi. Vistgerðir eru víðikjarrvist, hengistararflóavist, stinnastararvist, língresis og vingulsvist.

Heiðará. Staðurinn er við Heiðará skammt frá Heiðarvatni. Aðkoma er af vegslóða sem liggur um Hrunamannafrétt. Á staðnum er lítið hús sem notað er sem áningarstaður á göngu- og reiðleið með Stóru-Laxá. Engin gisting né salerni. Vatn er tekið úr læk skammt frá.

Svæðið er lítt gróið og skv. vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar eru þar vistlendi melar- og sandlendi og moslendi. Vistgerðir eru eyðimelavist, víðimelavist og melagambrovist.

Helgaskáli. Staðurinn er við Stóru-Laxá. Aðkoma er af vegslóða sem liggur um Hrunamannafrétt. Á staðnum er 73 m² hús, byggt árið 1988, einnig er þarna 49 m² hesthús, byggt 1990, og hestagerði. Húsið er notað sem leitarmannahús og fyrir hestahópa á sumrin. Gisting er fyrir 24 gesti. Salerni er á staðnum. Vatnsból er tekið úr læk ofan við húsin. Mannvirki eru í eigu Hrunamannahrepps.

Svæðið er gróið að hluta til og skv. vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar eru þar vistlendingin mólendi, moslendi, melar og sandlendi. Vistgerðir eru lyngmóavist á hálendi, hraungambravist, melagambravist og eyðimelavist.

Efri-Kisubotnar. Staðurinn er í Efri-Kisubotnum, norðan Kisubotnahnúks. Aðkoma er af vegslóða sem liggur norðan og austan Kerlingarfjalla. Á staðnum er um 20 m² mólhús og gisting fyrir um 10 manns. Húsið hefur verið á staðnum í nokkur ár. Staðurinn er einkum notaður af göngufólki. Engin salernisaðstaða er á staðnum og vatn er sótt í læk skammt frá. Húsið er í eigu rekstraraðila í Kerlingarfjöllum.

Svæðið er lítt gróið og skv. vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar er þar vistlendið melar og sandlendi. Vistgerð er eyðimelavist.

Grákollur. Staðurinn er við Klakkskvísl vestan undir Klakki. Engin mannvirki eru á staðnum. Aðkoma verður af vegslóða sem liggur umhverfis Kerlingarfjöll. Staðurinn er í góðum tengslum við gönguleiðir um Kerlingarfjöll, t.d. hringleið umhverfis þau.

Svæðið er gróið með Klakkskvísl en annars lítt gróið. Samkvæmt vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar er þar vistlendið melar og sandlendi. Vistgerðir eru grasmelavist og víðimelavist.

Svínárnes. Staðurinn er nálægt ármótum Sandár og Svínár. Aðkoma er af vegslóða sem liggur um Hrunamannafrétt. Á staðnum er 50 m² skáli byggður árið 1970, hesthús um 20 m² byggt árið 1960 og annað hesthús, 104 m², byggt árið 1992. Húsin eru notuð sem leitarmannahús og fyrir hestahópa á sumrin. Gisting er fyrir um 32 gesti. Salerni er í sér húsi og rotþró við það. Vatnsból er á árbakka skammt frá húsunum. Mannvirki eru í eigu Hrunamannahrepps.

Svæðið er gróið og skv. vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar eru þar vistlendingin mólendi og moslendi. Vistgerðir eru starmóavist, melagambravist, hélumosavist, hraungambravist og víðikjarrvist.

Kerlingarfjöll. Staðurinn er norðvestan við Kerlingarfjöll og kallast Ásgarður. Aðkoma er af Kjalvegi og um Kerlingarfjallaveg. Á staðnum eru eftirtalin hús skv. þjóðskrá: Skáli 23 m² byggður 1966, Valdimarsskáli 34 m² byggður 1974, Spítalinn 97 m² byggður 1983, La Plata 27 m² byggður 1970, Kastali 53 m² byggður 1980, Rafstöð/stífla 23 m² byggt 1982, Hesthús 49 m² byggt 1978, Sumarbústaður 36 m² byggður 1991. Auk þess er nýleg bygging fyrir gistingu. Skráð stærð lóðar er 10 ha. Á staðnum er rekin ferðaþjónusta og eru mannvirki í eigu rekstraraðila fyrir utan hesthús sem er í eigu Hrunamannahrepps. Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir gistingu fyrir um 280 manns. Á staðnum er salernisaðstaða og rotþró. Neysluvatn er tekið úr brunni austan Innri-Ásgarðsár. Virkjun er á staðnum og framleiðir hún 55-60 KW, hús eru kynt með rafmagni.

Svæðið er gróið að hluta til og skv. vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar eru þar vistlendingin melar og sandlendi, graslendi, votlendi og mólendi. Vistgerðir eru grasmelavist, snarrótarvist, eyðimelavist, runnamýrarvist, víðikjarrvist og víðimelavist.

2.1 Tengsl við aðrar áætlanir og fyrirbyggjandi stefna

2.1.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Skipulag miðhálandis Íslands

„Sveitarfélög á miðhálandinu útfæri landsskipulagsstefnu um verndun víðerna- og náttúrugæða í skipulagsáætlunum sínum. Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði þess gætt að mannvirki og umferð um hálendið skerði víðerni og önnur sérkenni og náttúrugæði hálendisins sem minnst. Jafnframt verði kannaðir möguleikar á endurheimt víðerna og náttúrugæða. Til grundvallar stefnumörkun verði lögð kortlagning á umfangi víðerna, vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands og svæði sem njóta verndar vegna náttúrufars. Á svæðum sem flokkast sem víðerni verði svigrúm fyrir takmarkaða mannvirkjagerð, svo sem gönguskála, vegslóða og göngu- og reiðleiðir. Umfangsmeiri mannvirkjagerð verði beint að stöðum sem rýra ekki víðerni hálendisins. Uppbygging ferðamannaáðstöðu verði takmörkuð á miðhálandinu og megináhersla lögð á uppbyggingu á jaðarsvæðum hálendisins og á nokkrum afmörkuðum svæðum við aðalvegi hálendisins. Gengið verði út frá eftirfarandi flokkun og staðsetningu þjónustustaða:

- Jaðarmiðstöðvar séu á tilteknum stöðum við meginleiðir inn á hálendið og í jaðri þess.
- Hálendismiðstöðvar séu á tilteknum stöðum við meginleiðir um hálendið.
- Skálasvæði séu á tilteknum stöðum í góðu vegasambandi.
- Fjallasel séu í takmörkuðu vegasambandi og taki mið af hæfilegum dagleiðum göngufólks.

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði jafnframt leitað jafnvægis varðandi aðgengi að áhugaverðum stöðum með mismunandi ferðamátum þannig að ferðafólki á vélknúnum farartækjum sé tryggður aðgangur að fjölbreyttum svæðum en jafnframt verði tryggð kyrrlát svæði án umferðar vélknúinna farartækja. Ferðamannaleiðir (gönguleiðir, reiðleiðir og reiðhjólaleiðir) verði eftir því sem kostur er aðskildar frá meginvegakerfi miðhálandisins“.

2.1.2 Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032

Í aðalskipulaginu eru allir skálarnir á afþreyingar- og ferðamannasvæði á hálendinu.

Afþreyingar- og ferðamannasvæði

Eftirfarandi stefna er í gildandi aðalskipulagi:

- „Stuðlað verði að bættri nýtingu fjallaskála.
- Við skipulag ferðamannasvæða verði hugað sérstaklega að öryggi ferðamanna ásamt greiðum samgöngum og upplýsingum.
- Leitað verði eftir nýjum tækifærum á sviði ferðaþjónustu ásamt því að nýta þau tækifæri sem fyrir eru.
- Bæta þjónustustig á hálendissvæðum.
- Unnið verði deiliskipulag og lóðir afmarkaðar, m.a. fyrir skála á hálendinu.
- Í deiliskipulagi verði skilgreint umfang og eðli ferðamannasvæða.

- Byggingar geta verið á einni til tveim hæðum.
- Búið verði í haginn fyrir ferðamenn með gerð bílastæða, göngustíga, upplýsingum, merkingum og eftir atvikum snyrtingum.

Kerlingarfjöll eru skilgreind sem hálandismiðstöð í Landsskipulagstefnu 2015-2026. Á hálandismiðstöðvum er gert ráð fyrir rekstri gistingar og tjaldsvæða en einnig getur verið um einhvern verslunar- og veitingarekstur að ræða. Svínárnes fellur undir skilgreiningu skálasvæða skv. landsskipulagsstefnu. Á skálasvæðum er gert ráð fyrir gistingu í gistiskálum auk tjaldsvæða, fræðslu og eftirlits. Önnur uppbyggingasvæði á hálandinu falla undir skilgreiningu fjallaselja samkvæmt landsskipulagsstefnu. Við ákvörðun um staðsetningu fjallaselja skal tekið mið af því að fjarlægð milli jaðar- og hálandismiðstöva, skálasvæða og fjallaselja sé jafnan hæfileg dagleið fyrir göngufólk. Þjónustustarfsemi í fjallaseljum getur falist í rekstri gistiskála og tjaldsvæðis auk fræðslu og eftirlits. Öll ferðapjónustusvæði á miðhálandinu er skilgreind sem afþreyingar- og ferðamannasvæði í aðalskipulaginu í samræmi við skipulagsreglugerð.

Við endurgerð bygginga og gerð nýrra bygginga verður metið hvort halda skuli í núverandi ásýnd og yfirbragð svæðis eða hvort horft verði til breyttrar ásýndar, m.a. til að aðlaga mannvirki betur að umhverfi. Gert er ráð fyrir svigrúmi til að viðhalda núverandi mannvirkjum eða reisa ný í þeirra stað. Gera skal ráð fyrir upplýsinga- og snyrtiaðstöðu og að allt að 50 manns geti gisti í húsum á hverjum stað. Þó er einungis gert ráð fyrir að 30 manns geti gisti í Grákollu og Efri-Kisubotnum.

Æskilegt er að fjölga afþreyingarmöguleikum á hálandinu, m.a. til að ferðamenn dvelji lengur í sveitarfélaginu“.

TAFLA 1. Umfjöllun úr aðalskipulagi um þjónustu og hugsanlega uppbyggingu í hverjum skála.

NR.	HEITI	LÝSING	SVÆÐI
AF2	Fosslækur	Fjallasel - Áningarstaður á göngu- og reiðleiðum. Tjaldsvæði. Gistirúm allt að 50. Stærð svæðis er um 2 ha.	Afréttur
AF3	Leppistungur	Fjallasel - Áningarstaður á göngu- og reiðleiðum. Gistirúm allt að 50. Stærð svæðis allt að 1 ha.	Afréttur
AF4	Mikluöldubotnar	Fjallasel - Gert er ráð fyrir viðhaldi og endurbótum á skálanum ásamt snyrtiaðstöðu. Gistirúm allt að 30. Stærð svæðis allt að 1 ha.	Afréttur
AF5	Frægðarver	Fjallasel - Gert er ráð fyrir viðhaldi og endurbótum á skálanum ásamt snyrtiaðstöðu. Gistirúm allt að 30. Stærð svæðis allt að 1 ha.	Afréttur
AF6	Rofshólar	Fjallasel - Gert er ráð fyrir viðhaldi og endurbótum á skálanum ásamt snyrtiaðstöðu. Gistirúm allt að 50. Stærð svæðis allt að 1 ha.	Afréttur
AF7	Heiðará	Fjallasel - Gistirúm allt að 30. Stærð svæðis allt að 1 ha.	Afréttur
AF8	Helgaskáli	Fjallasel - Áningarstaður á göngu- og reiðleiðum. Gert er ráð fyrir viðhaldi og endurbótum á skálanum ásamt snyrtiaðstöðu. Gistirúm allt að 50. Stærð svæðis allt að 1 ha.	Afréttur
AF10	Efri-Kisubotnar	Fjallasel – Áningarstaður á gönguleið umhverfis Kerlingarfjöll. Á staðnum er lítið hús. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu á gistingu og snyrtiaðstöðu. Gistirúm allt að 30. Stærð svæðis allt að 1 ha.	Afréttur
AF11	Grákollur	Fjallasel – Áningarstaður á gönguleið umhverfis Kerlingarfjöll. Gistirúm allt að 30. Stefnt að uppbyggingu á gistingu og snyrtiaðstöðu á allt að 1 ha svæði.	Afréttur
AF14	Svínárnes	Skálasvæði , stefnt að uppbyggingu gistipjónustu með allt að 85 gistirúm í skála og/eða litlum húsum, auk veitingareksturs og tjaldsvæðis. Einnig uppbygging á aðstöðu fyrir öryggis- og eftirlitsaðila og upplýsingagjöf. Stærð svæðis er allt að 2 ha.	Afréttur

NR.	HEITI	LÝSING	SVÆÐI
AF15	Kerlingarfjöll	Gert er ráð fyrir hálandismiðstöð með aðstöðu fyrir öryggis- og eftirlitsaðila, upplýsingar, auk fjölbreyttrar afþreyingar- veitinga- og gistiþjónustu. Boðið verður upp á gistingu á tjaldsvæði, í gistiskálum og hótél/gistiheimilagistingu, enda sé slík gisting aðeins hluti af gistiframboðs og falli að öllu leyti að kröfum um óbyggðaupplifun. Gert er ráð fyrir að allt að 300 gestir geti gisti í húsum. Gert er ráð fyrir að metið verði hvort halda skuli í núverandi ásýnd svæðis og yfirbragð mannvirkja eða móta nýtt yfirbragð með það að markmiði að styrkja ásýnd svæðisins. Unnið er að umhverfismati fyrir uppbyggingu starfseminnar. Stærð svæðis er allt að 20 ha. Unnið er að friðlýsingarskilmálum fyrir svæðið en einnig tengjast aðrar leiðir og afþreyingarsvæði í Kerlingarfjöllum Ásgarðssvæðinu.	Afréttur

Verndarsvæði og minjar

Eftirfarandi stefna er í aðalskipulagi um verndarsvæði og minjar:

- „*Stuðlað verði að verndun lands og góðri umgengi.*
- *Stuðla skal að verndun náttúruminja samhliða því að fólki verði gert kleift að njóta þessara verðmæta.*
- *Stuðlað verði að frekari verndun náttúruminja í samvinnu við Umhverfisstofnun.*
- *Skilgreina viðkvæm svæði og tryggja að álag vegna landnýtingar og átrotninga verði undir þolmörkum.*
- *Skilgreina þarf helstu náttúruyfyrirbæri til að stuðla að verndun þeirra.*
- *Stuðlað verði að endurheimt landgæða.*
- *Stuðlað verði að því að viðhalda víðernum á hálandinu.*
- *Mannvirkjagerð leiði til eins lítillar röskunar og kostur er, sérstaklega á hálandi“.*

Kerlingarfjöll, Efri-Kisubotnar og Grákollur eru innan svæðis á náttúruminjasrá og unnið er að friðlýsingu svæðisins.


Stór hluti afréttarins er undir hverfisvernd, innan þess svæðis eru Kerlingarfjöll, Efri-Kisubotnar, Grákollur, Fosslækur, Leppistungur, Svínárnes og Rofshólar. Helstu ákvæði hverfisverndar eru eftirfarandi:

- „*Halda skal framkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.*
- *Mikilvægt er að nýting jarðhita og umgengni miðist við að varðveita sérkenni staðarins og viðhalda sérstöku gróðurfari hverasvæða.*
- *Röskun vot- og gróðurlendis er óæskileg, en sé það óhjákvæmilegt skal samsvarandi svæði endurheimt“.*

TAFLA 2. Umfjöllun í aðalskipulagi um hverfisverndarsvæði.

NR.	HEITI	LÝSING/SKILMÁLAR	SKÁLASVÆÐI
HV1	Kerlingarfjöll/ Leppistungur	Landslagsheild suðvestan Hofsjökuls, suður fyrir Kerlingarfjöll. Lítt raskað víðerni, fjölbreytt landslag. Svæðið nær meðal annars inn í friðland Þjórsárvera og tekur yfir Kerlingarfjöll sem eru á náttúruminjasrá (732). Unnið er að friðlýsingu svæðisins í samvinnu við nágrannasveitarfélög og Umhverfisstofnun og afmörkun þess skilgreind ásamt friðlýsingarskilmálum. Stærð rúmlega 330 km ² .	Ásgarður Efri- Kisubotnar Grákollur

NR.	HEITI	LÝSING/SKILMÁLAR	SKÁLASVÆÐI
		<p>Áhersla á verndun votlendis, gróðurs og fuglalífs og hina sérstöku náttúru Kerlingarfjalla og óheimilt er að dreifa framandi tegundum s.s. plöntutegundum sbr. Reglugerð 583/2000. Sveitarstjórn getur sett takmarkanir á umferð m.a. gangandi og ríðandi fólks um verndarsvæðið. Ríðandi mönnum er aðeins heimil för á merktum reiðleiðum, vegum eða slóðum. Hundar skulu vera undir tryggri stjórn og ekki valda truflun fyrir gesti eða dýralíf. Umferð reiðhjóla er heimil á vegum slóðum eða stígum svo ekki hljótist af náttúruspjöll. Óheimilt er að tjalda utan merktra tjaldsvæða nema hvað göngufólki er heimilt að göngutjöldum en gæta þess að valda ekki spjöllum á náttúrunni. Mannvirki skulu, sem kostur er, miða að verndarsvæðið verði sjálfbært og framkvæmdir afturkræfar. Heimild er til takmarkaðrar orkunýtingar en eingöngu til nota innan verndarsvæðis. Allar nýjar framkvæmdir eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar og sveitarstjórnar. Engar nýjar framkvæmdir eru heimilaðar nema að undangengu deiliskipulagi.</p>	
HV2	Miklumýrar/ Töskuver/ Ábótaver	<p>Stór lítt snortin votlendissvæði með fjölbreyttum votlendisgróðri, taka m.a. yfir svonefndar Miklumýrar, Töskuver og Ábótaver. Lítt raskað víðerni, fjölbreytt landslag. Stærð er rúmlega 170 km².</p> <p>Óheimilt er að hrófla við votlendi á svæðinu. Sveitarstjórn getur sett takmarkanir á umferð m.a. gangandi og ríðandi fólks um verndarsvæðið. Óheimilt er að fara með hrossarekstur um svæðið utan skilgreindra reiðleiða. Engar framkvæmdir heimilaðar nema að undangengu deiliskipulagi</p>	Svínárnes Leppistungur Fosslækur
HV3	Búrfellsmýrar- Búðará	<p>Stór lítt snortin votlendissvæði norðan Búðarár, Búðarárdrög og Búrfellsmýrar. Áhersla á verndun votlendis, gróðurs og fuglalífs. Stærð svæðis er rúmlega 45 km².</p> <p>Óheimilt er að hrófla við votlendi á svæðinu. Sveitarstjórn getur sett takmarkanir á umferð m.a. gangandi og ríðandi umferð um verndarsvæðið. Óheimilt er að fara með hrossarekstur um svæðið utan skilgreindra reiðleiða. Engar framkvæmdir heimilaðar nema að undangengu deiliskipulagi</p>	Rofshólar



MYND 1. Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032. Talið frá norðri eru skálasvæðin innan rauðu hringjanna eftirfarandi: Ásgarður, Efri-Kisubotnar, Grákollur, Fosslægur, Leppistungur, Svinárnes, Miklöldubotnar, Frægðarver, Rofshólar, Heiðará og Helgaskáli.

2.1.3 Deiliskipulag

Í gildi er deiliskipulag fyrir Kerlingarfjöll, staðfest í B-deild Stjórnartíðinda í mars 2014. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir núverandi mannvirkjum. Þau eru; Sælufossvirkjun, hesthús, 16 gistihús, hús fyrir gistingu og veitingasölu, hús fyrir eldunar- og þurrkaðstöðu, baðhús, verkstæði og geymsla, 2 kaffihús, aðstaða til eldsneytissölu, snyrtiaðstaða og hestagirðing. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir stækkun nokkurra gistihúsa, viðbyggingu við aðalbyggingu þar sem reiknað er með allt að 20 herbergjum. Stækkun á aðalbyggingu þar sem yrði eldhús, veitingasalur, gestamóttaka og starfsmannaíbúðir. Eldunar- og mataraðstaða við tjaldsvæði. Stækkun á svokölluðu Ferðafélagshúsi ásamt nýrri snyrtingu og gufubaðshúsi. Einnig endurbyggingu og stækkun á 10-12 gistihúsum.

Gerð var breyting á deiliskipulagi Kerlingarfjalla, staðfest í B-deild Stjórnartíðinda í apríl 2015. Rýmkaðar voru heimildir fyrir byggingarefni, viðbygging við aðalbyggingu getur verið 8 m í stað 6 áður, heimilt er að stækka eldhús og veitingasal í 550 m² í stað 330 m² áður. Á reit sem merktur er K á skipulaginu verði núverandi hús fjarlægð og heimilt að byggja eina byggingu á tveimur hæðum. Stærð allt að 720 m². Við tjaldsvæði er gert ráð fyrir tveimur þjónustuhúsum og að hægt verði að vera þar með hús fyrir gistingu.

Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir önnur svæði.

2.1.4 Þjóðlenda

Stór hluti hálendis í Hrunamannahreppi er þjóðlenda. Þjóðlendur eru landsvæði þar sem íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Um þjóðlendur gilda lög nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Forsætisráðherra fer með málefni þjóðlendna. Ráðherra til aðstoðar við stjórn og ráðstöfun réttinda innan þjóðlendna er samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna. Samkvæmt 3. gr. laganna má enginn hafa afnot af þjóðlendu fyrir sjálfan sig, þar með talið að reisa þar mannvirki, gera jarðrask, nýta hlunnindi, vatns- og jarðhitaréttindi án leyfis. Til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu þarf leyfi hlutað-eigandi sveitarstjórnar sem og forsætisráðuneytisins sé nýting heimiluð til lengri tíma en eins árs. Ef um er að ræða nýtingu vatns- og jarðhitaréttinda, námur og önnur jarðefni innan þjóðlendu þarf leyfi forsætisráðherra nema mælt sé fyrir um annað í lögum.

Einstaklingar, sveitarfélög eða aðrir lögaðilar geta átt svokölluð takmörkuð eignarréttindi innan þjóðlendna. Þjóðlendulög raska ekki slíkum réttindum. Samkvæmt 5. gr. laganna skulu þeir sem hafa nýtt land innan þjóðlendna sem afrétt fyrir búfenað, eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja, halda þeim rétti í samræmi við ákvæði laga þar um. Afréttur er skv. 1. gr. laganna landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarþeir fyrir búfé. Hið sama gildir um önnur réttindi sem menn færa sönnur á að þeir eigi.

2.1.5 Fornminjar

Unnið er að aðalskráningu fornminja í Hrunamannahreppi. Gerð verður grein fyrir þekktum minjum í deiliskipulagstillögu. Finnist áður ókunnar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar svo fljótt

sem auðið er skv. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Óheimilt er að hrófla við minjum án heimildar Minjastofnunar.

2.1.6 Ferðamenn/ferðaþjónusta

Ferðamenn á Hrunamannafrétti eru einkum í hestaferðum eða aka vegslóða á afréttinum. Í Kerlingarfjölum og nágrenni þeirra eru ferðamenn fjölbreyttari, eru í göngu- eða hestaferðum eða akandi og ganga þá einnig um svæðið.

Ferðamálastofa hefur kortlagt „Auðlindir íslenskrar ferðaþjónustu“. Í verkefninu voru, með aðstoð heimafólks, kortlagðir staðir þar sem upplifa má staðbundna og einstaka eiginleika í náttúrufari eða menningu. Skráningin gefur vísendingar um sérkenni svæða sem hugsanlega má nýta¹. Þeir staðir sem eru í nágrenni skálanna eru eftirtaldir: Búðarárfoss í Búðará, Kerlingargljúfur, nokkrir jöklar í Kerlingarfjölum og náttúruleg þar. Ásgarðsgljúfur.

Þó takmarkaður aðgangur sé af Kjalvegi, yfir á Hrunamannafrétt, sýnir talning þar vel aukna umferð inn á hálendinu. Auk þess er aðkoma að Kerlingarfjölum af Kjalvegi og þaðan er hægt að aka niður Hrunamannafrétt, beggja vegna Kerlingarfjalla.

TAFLA 3. Meðalumferð á Kjalvegi og Kerlingarfjallavegi á dag yfir sumartímenn (SDU). Heimild: Vegagerðin.

ÁR	KJALVEGUR MILLI HAGAVATNSVEGAR OG HVÍTÁRNESLEIÐAR (SDU)	KJALVEGUR FRÁ HVÍTÁRNESLEIÐ AÐ KERLINGARFJALLAVEGI (SDU)	KERLINGARFJALLAVEGUR FRÁ KJALVEGI AÐ SKÁLA (SDU)
2018	178	97	50
2017	176	96	49
2016	181	90	46
2015	164	82	42
2014	159	80	41
2013	159	80	41
2012	101	82	42
2011	129	105	54
2010	102	83	43
2005	98	98	31
2000	89	89	28

Undanfarin ár hefur verið seld gisting í nokkrum skálanna og hefur gestum farið fjölgandi, skv. upplýsingum frá rekstraraðilum. Í deiliskipulagstillögu verður gerð grein fyrir fjölda gistinátta, eftir því sem hægt er.

¹ (Ferðamálastofa 2015).

2.1.7 Velferð til framtíðar - Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi.

- Kafli 2, Hreint og heilnæmt ferskvatn. Allir íbúar landsins eigi kost á nægu heilnæmu vatni til neyslu og annarra nytja. Mengun í ám og vötnum verði svo lítil að hún hafi ekki áhrif á vistkerfi ferskvatns, fiskgengd eða útivistargildi.
- Kafli 5, Útivist í sátt við náttúruna. Tekið verði tillit til útivistargildis svæða við skipulag og ákvarðanir um landnýtingu.
- Kafli 7, Vernd lífríkis Íslands. Viðhaldið verði fjölbreytileika tegunda og vistgerða.
- Kafli 8, Vernd sérstæðra jarðmyndana. Fjölbreytni jarðmyndana verði varðveitt með því að vernda þær sem eru sérstakar eða einstakar á svæðis-, lands- eða heimsvísu.
- Kafli 9. Vernd víðerna. Tryggt verði að stór samfelld víðerni verði áfram að finna í óbyggðum Íslands.
- Kafli 13. Minnkun og bætt meðhöndlun úrgangs. Dregið verði úr myndun úrgangs og stuðlað að endurvinnslu.
- Kafli 17. Vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Öll nýting náttúrunnar fari fram á sjálfbæran hátt. Við framkvæmdir verði neikvæðum áhrifum á vistkerfi haldið í lágmarki.

3 UMHVERFISÁHRIF

Við gerð deiliskipulags skal, skv. gr. 5.4 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, meta líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfar svo sem á vistkerfi, auðlindir, landslag, ásýnd, útsýni, hljóðvist, loftgæði, hagkvæmni, veðurfar, varðveislugildi og svipmót byggðar og einstakra bygginga o.fl. umhverfisþætti eftir því sem efni skipulagsins gefur tilefni til.

3.1 Matsskylda

Samkvæmt viðauka 1 í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 þá eru þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á hálendi og á verndarsvæðum á láglandi, utan þéttbýlis, tilkynningarskildar framkvæmdir þar sem þær kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Öll deiliskipulagssvæðin eru skilgreind sem afþreyingar- og ferðamannasvæði í aðalskipulagi og flest hafa þau byggst upp að einhverju leyti.

Unnið hefur verið umhverfismat fyrir uppbyggingu í Kerlingarfjöllum og er álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum dagsett í apríl 2019. Í álitinu kemur fram að „*valkostur 1 felur í sér núverandi mannvirki og starfsemi og því líklegt að áhrif af honum séu þegar komin fram. Valkostur 2 felur í sér óverulega fjölgun gistirúma, en talsverða breytingu á samsetningu þeirra, þ.e. úr gistiskálagistingu í hótél/gistiheimilagistingu, auk tvöföldunar á stærð veitingastaðar. Skipulagsstofnun telur valkost 2 geta falið í sér óveruleg áhrif á ferðaþjónustu og útivist og landslag og náttúrufar, að því gefnu að við endanlega hönnun og leyfisveitingar til framkvæmda og rekstrar verði tryggi að ráðandi hluti gistingar sé gistiskála- og/eða fjallaskálagisting með þeirri aðstöðu sem kveðið er á um í 10. gr. reglugerðar nr. 1277/2016²“.* Valkostur 3 gerir ráð fyrir að byggðar verði tvær tveggja hæða gistialmur og fimm eldri

² (Skipulagsstofnun 2019).

hús fjarlægð. Valkostur 4 gerir ráð fyrir að nær allar eldri byggingar verði fjarlægðar. Í staðinn verði reistar eins og tveggja hæða gistiálmur til suðurs og norðurs frá aðalbyggingu. Í valkostum 3 og 4 er gert ráð fyrir gistingu fyrir um 300 manns. „Af framansögðu telur Skipulagsstofnun ljóst að áformuð uppbygging í Kerlingarfjöllum samkvæmt valkostum 3 og 4 fellur ekki að þeirri stefnu sem sett er fram um ferðapjónustu og sérstaklega um hálendismiðstöðvar í Landsskipulagsstefnu 2015–2026 og þá fyrst og fremst vegna eðlis þeirrar gistipjónustu sem verður ráðandi, en einnig vekur umfang hennar spurningar. Jafnframt telur stofnunin að tryggja þurfi að ráðandi hluti gistingar sé í flokki gistiskála/fjallaskála í uppbyggingu samkvæmt valkosti 2³“.

Ekki er talið að gerð deiliskipulaga fyrir fjallaskálana og breyting á deiliskipulagi Kerlingarfjalla falli undir viðauka 1 í lögnum.

3.2 Umhverfisþættir og áherslur

Í umhverfisskýrslu verða skoðuð áhrif á umhverfisþættina sem sýndir eru í töflu 1 og þeir metnir í samræmi við stefnuskjöl og viðmið. Yfirlit yfir meginspurningar í umhverfisskýrslu er að finna í töflu 4. Í umhverfisskýrslu verða sett viðmið fyrir hvern umhverfisþátt. Viðmiðin verða sett með tilliti til laga og reglugerða, stefnuskjala sveitarfélagsins ásamt settum markmiðum sveitarfélagsins í samfélags- og umhverfismálum auk viðmiða í opinberum stefnuskjöllum og/eða alþjóðlegum skuldbindingum.

TAFLA 4 Umhverfisþættir, helstu matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
Jarðmyndanir	Hefur skipulagið áhrif á jarðmyndanir sem njóta verndar eða þykja sérstæðar?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, áhersla á 61. gr. Landsskipulagsstefna 2015-2026. Sérstök vernd náttúrufræðistofnunar. NÍ.
Gróður og dýralíf	Hefur skipulagið áhrif á gróður og dýralíf?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, áhersla á 61 og 62. gr. Vistgerðakortlagning Náttúrufræðistofnunar.
Ásýnd og landslag	Hefur skipulagið áhrif á ásýnd svæða? Hefur skipulagið áhrif á landslag?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, 69. gr. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
Samfélag	Hefur skipulagið áhrif á atvinnu í sveitarfélaginu? Hefur skipulagið áhrif á notkun svæða til útivistar?	Velferð til framtíðar – Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefna um landnotkun í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026. Lög um þjóðgarðinn á Þingvöllum nr. 47/2004, 3. gr.
Minjar / Verndarsvæði	Hefur skipulagið áhrif á fornminjar? Hefur skipulagið áhrif á náttúruminjar eða verndarsvæði?	Lög nr. 80/2012 um menningarminjar. Lög nr. 85/2005 um vernd vatnasviðs Þingvallavatns, 3. gr. Fornleifaskráning. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
Náttúruvá og öryggi	Er hætta á náttúruvá á svæðinu? Er hætta á mengun af völdum stefnunnar?	Vegalög nr. 80/2007.

³ (Skipulagsstofnun 2019).

4 DEILISKIPULAG

Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, gr. 5.1.2 segir að deiliskipulag skuli gera fyrir einstök svæði eða reiti þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar og skuli jafnan miða við að það taki til svæða sem mynda heildstæða einingu. Deiliskipulag skal byggt á stefnu aðalskipulags. „Í deiliskipulagi eru teknar ákvarðanir og settir skilmálar um byggðamynstur, mannvirki, landnotkun og nýtingu, vernd o.fl. eftir því sem við á og aðrar skipulagsforsendur sem þurfa að liggja fyrir vegna byggingar- og framkvæmdaleyfa. Sveitarstjórn ber ábyrgð á og annast gerð deiliskipulags“ skv. gr. 5.1.3.

4.1 Markmið

Markmið með gerð deiliskipulags fyrir fjallaskálana eru eftirfarandi:

- Skilgreina lóðir fyrir núverandi og ný mannvirki, afmörkun byggingareita fyrir skála og hesthús/hestagerði og gera grein fyrir aðkomuleiðum.
- Settir byggingarskilmálar þar sem m.a. verður kveðið á um samræmt yfirbragð mannvirkja.
- Útbúa lóðablöð fyrir allar lóðir.

Áhersla er á að mannvirki falli vel að landslagi og ásýnd svæða á hverjum stað.

4.2 Mannvirki

Í deiliskipulagi verður gerð grein fyrir núverandi mannvirkjum á hverjum stað og einnig nýjum mannvirkjum þar sem það á við. Afmarkaðar verða rúmar lóðir og ná þær yfir byggingar, hestagerði, bílastæði, fráveitu og vatnsból. Leitast verður við að hafa byggingar í nágrenni við hverja aðra til að sem minnst rask verði og til að vegir og veitur nýtist sem best. Uppbygging verður einungis á hluta lóðar á hverju svæði og er gert ráð fyrir að stærð þjónustusvæða verði í samræmi við aðalskipulag.

Gerð verður grein fyrir vegum, göngu- og reiðleiðum, vatnsöflun, fráveitu og rafveitu þar sem það á við. Settir verða skilmálar fyrir útlit og yfirbragð mannvirkja á hverjum stað.

TAFLA 5. Fyrirhuguð uppbygging sem gert verður ráð fyrir í deiliskipulagi.

HEITI	FYRIRHUGUÐ UPPBYGGING
Fosslægur	Afmörkuð verður um 14 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki, hestagerði og vatnsból og vatnsleiðsla frá því að húsunum. Heimilt er að stækka núverandi gístiaðstöðu um allt að 100 m ² eða byggja nýtt hús. Gisting verður fyrir allt að 50 gesti.
Leppistungur	Afmörkuð verður um 5 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki, hestagerði og vatnsból. Heimilt er að stækka núverandi gístiaðstöðu um allt að 100 m ² eða byggja nýtt hús. Heimilt er að stækka hesthús í allt að 100 m ² . Gisting verður fyrir allt að 50 gesti.
Miklöldubotnar	Afmörkuð verður um 5 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki og gerði fyrir fé/hross. Heimilt er að stækka núverandi gístiaðstöðu um allt að 100 m ² eða byggja nýtt hús. Gisting verður fyrir allt að 30 gesti. Einnig er gert ráð fyrir salerni, fráveitu og vatnsbóli.
Frægðarver	Afmörkuð verður um 2 ha lóð umhverfis núverandi mannvirki. Á staðnum er torfkofi og er gert ráð fyrir viðhaldi og endurbótum á honum. Verður það gert í samráði við Minjastofnun Íslands. Einungis verður um áningarstað að ræða en ekki gistingu. Ekki er gert ráð fyrir akstri að staðnum.

HEITI	FYRIRHUGUÐ UPPBYGGING
Rofshólar	Afmörkuð verður um 1 ha lóð umhverfis núverandi mannvirki. Á staðnum er torfkofi og er gert ráð fyrir viðhaldi og endurbótum á honum. Verður það gert í samráði við Minjastofnun Íslands. Einungis verður um áningarstað að ræða en ekki gistingu. Ekki er gert ráð fyrir akstri að staðnum.
Heiðará	Afmörkuð verður um 10 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki. Staðurinn er hugsaður sem áningarstaður á göngu- og reiðleið með Stóru-Laxá. Ekki er gisting á staðnum. Heimilar eru endurbætur/viðhald á núverandi mannvirki. Einnig er gert ráð fyrir salerni, fráveitu og vatnsbóli.
Helgaskáli	Afmörkuð verður um 20 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki, hestagerði, vatnsból og fráveita. Heimilt er að stækka núverandi gistiaðstöðu um allt að 100 m ² eða byggja nýtt hús. Heimilt er að stækka hesthús í allt að 100 m ² . Gisting verður fyrir allt að 50 gesti.
Efri-Kisubotnar	Afmörkuð verður rúmlega 4 ha lóð. Innan hennar er núverandi hús. Heimilt er að byggja allt að 150 m ² hús og vera með gistingu fyrir allt að 30 gesti. Gert er ráð fyrir salerni í húsinu. Gerð verður grein fyrir fráveitu og vatnsbóli.
Grákollur	Afmörkuð verður um 8 ha lóð. Heimilt er að byggja allt að 150 m ² hús og vera með gistingu fyrir allt að 30 gesti. Gert verður ráð fyrir salerni í húsinu. Gerð verður grein fyrir fráveitu, vatnsbóli og aðkomu.
Svínárnes	Afmörkuð verður um 9 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki. Heimilt er að stækka/fjölga húsum fyrir gistingu, veitingasólu og vera með tjaldsvæði. Hámarks byggingamagn á svæðinu verður allt að 950 m ² . Heimilt er að vera með gistingu fyrir 85 gesti. Gerð verður grein fyrir fráveitu, vatnsbóli og aðkomu.
Kerlingarfjöll	Gerð verður breyting á gildandi skipulagi. Afmörkuð verður um 1 ha lóð fyrir núverandi hesthús. Heimilt verður að stækka núverandi hesthús í allt að 150 m ² .

5 SKIPULAGSFERLI – KYNNING OG SAMRÁÐ

Með kynningu skipulagslýsingar þessarar er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við mótun deiliskipulags-tillaganna.

Skipulagslýsingin verður send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum til umsagnar. Skipulagslýsingin verður auglýst á heimasíðu skipulagsfulltrúa <http://www.utu.is/>. Einnig verður skipulagslýsingin aðgengileg á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Dalbraut 12, 840 Laugarvatni. Óskað verður eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- Forsætisráðuneytið
- Umhverfisstofnun
- Landgræðslan
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin
- Skipulagsstofnun
- Náttúrufræðistofnun Íslands

Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila, þ.á.m. innan stjórnsýslu sveitarfélagsins.

5.1 Samráð

Á vinnslutíma mun tillagan verða kynnt bæði íbúum/almenningi og sveitarstjórn. Haft hefur verið samráð við eigendur og rekstraraðila á viðkomandi svæðum. Jafnframt hefur verið samráð við Forsætisráðuneytið þar sem skálarnir eru á þjóðlendu.

5.2 Skipulagsferli

Skipulagslýsing og deiliskipulagstillögur verða auglýstar og kynntar skv. 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Eftirfarandi eru drög að skipulagsferlinu ásamt tímasetningum, birt með fyrirvara um breytingar:

MÁNUÐUR	LÝSING
Júlí	Skipulagslýsing tekin fyrir í skipulagsnefnd/sveitarstjórn og send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum til umsagnar. Lýsingin verður kynnt almenningi og gefinn tveggja vikna frestur til að skila inn athugasemdum.
Október	Deiliskipulagstillögur ásamt umhverfisskýrslu teknar til umfjöllunar í skipulagsnefnd, tillögurnar kynntar almenningi og lagðar fyrir sveitarstjórn í kjölfarið.
Nóv./des.	Tillögur samþykktar til auglýsingar í sveitarstjórn og sendar til umsagnaraðila. Tillögurnar auglýstar og gefinn 6 vikna frestur til þess að skila inn athugasemdum.
Des./janúar 2020	Tillögur afgreiddar í sveitarstjórn, að undangenginni umræðu skipulagsnefndar, með breytingum sem athugasemdir kunna að gefa tilefni til, og send Skipulagsstofnun í kjölfarið.
Janúar 2020	Gildistaka deiliskipulaga auglýst í B - deild Stjórnartíðinda.